

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnabrauns, 2. áfanga, Álfhella 2 og Einhella 1.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum 1. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi Hellnabrauns, 2. áfanga, vegna lóðanna Álfhella 2 og Einhella 1. Í breytingunni felst að lóðirnar sameinast í eina lóð sem verði Einhella 1. Einnig verður innkeyrslum fjölgað, bundin byggingarlína dettur út og byggingarreitur stækkaður. Hámarks-hæð útveggja verður 10,5 m. Tillagan var auglýst frá 14. desember 2021 til 25. janúar 2022. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. mars 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 16. mars 2022